

L ö g

um

15

19. júní.

ákvörðun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík eru: Að sunnanverðu bein
lína frá Hvalhaus á Sandinum að Hólsá, við landamerki Hóls og Grundarhóls,
og þaðan árfarvegurinn að landamerkjum Traðar og Ytribúða. Að vestanverðu
merkjalínan milli Traðar og Ytribúða, frá ánni að Traðarbæ hinum forna. Að
norðanverðu bein lína frá Traðarbæ í stekkjartóttina í svo nefndum „Bólum“,
og bein sjónhending þaðan til sjávar, í stefnu á Bjarnarnúp.

2. gr.

Hjermeð eru úr gildi feld lög nr. 17, 27. júní 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.